

♥ **Lofgjörð: Lofum og tilbiðjum Guð fyrir hver Hann er. Guð er FRELSARINN!**

Róm 10:9-13

Ef þú játar með munn þínum: Jesús er Drottinn og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpin verða. Með hjartanu er trúnað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis. Ritningin segir: Hver sem trúir á hann, mun ekki til skammar verða. Ekki er munur á Gyðingi og grískum manni, því að hinn sami er Drottinn allra, fullríkur fyrir alla þá sem ákalla hann; því að hver sem ákallar nafn Drottins, mun hólpin verða.

Efes 2:8-9

Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því.

Post 4:12

Mínir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér. Ég gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni. Faðir minn, sem hefur gefið mér þá, er meiri en allir, og enginn getur slitið þá úr hendi föðurins. Ég og faðirinn erum eitt.

Jóh. 10:27-30

Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum. Og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld, sem getur frelsað oss.

2Kor 5:21

Þann sem þekkti ekki synd, gjörði hann að synd vor vegna, til þess að vér skyldum verða réttlæti Guðs í honum.

♥ **Syndajátning:** Í hljóði. Leiðtoginn byrjar og endar þennan hluta.

1Jóh 1:9 Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti.

♥ **Þakkargjörð:** Þakkið Guði fyrir fyrir bænasvör og annað sem Hann hefur gefið okkur.

1Þess.5:18 Þakkið alla hluti, því það er vilji Guðs með yður í Kristi Jesú.

♥ **Fyrirbæn:** 1Tím. 2:1 Fyrst af öllu áminni ég um að bera fram ákall, bænir, fyrirbænir og þakkargjörðir fyrir öllum mönnum,

-Bæn fyrir börnunum: Jóh.10:27-30

„Himneski Faðir, ég þakka þér að fyrirheit þín gilda líka fyrir börnin mín. Nú bið ég fyrir _____, að hann/hún muni þekkja röddina þína og ávalt fylgja þér. Varðveittu hann/hana þannig að enginn geti slitið hann/hana úr hendi þinni og gefðu honum/henni eilíft líf. Við biðjum í Jesú nafni, Amen! "

Nafn: _____ Nafn: _____ Nafn: _____

-Bæn fyrir kennurum: Aðlagað: Post.4:12

„Náðugi Guð, við viljum á þennan hátt leggja _____ í þínar hendur, hjálpaðu honum/henni að skilja að meðal manna og undir himninum er það bara nafnið þitt, Jesús, sem frelsar. Við biðjum í Jesú nafni. Amen“.

Nafn: _____ Nafn: _____

-Bæn fyrir leikskólum/ skólum/ framhaldskólum/ háskólum

-Biðjið um frelsi fyrir börnin í bekknum.

-Biðjið um að það verði leyfilegt að boða frelsisboðskapinn í skólunum.

-Bæn fyrir Mæðrum í bæn

-Biðjið um að fleiri mæður komi saman til að biðja fyrir börnum og skólum.

Mundu að allt sem talað er í hópnum er bundið trúnaði.